

Tillögur:

Stjórn og reiðveganefnd hestamannafélagsins Sörla lýsir yfir áhyggjum sínum vegna ástands reiðvega í upplandi Hafnarfjarðar og óskar eftir fjárveitingu til þess að ráða þar bót á. Reiðvegirnir hafa ekki fengið það viðhald sem þeir hafa þurft en veðurtíð hefur verið með þeim hætti að reiðvegirnir eru mjög illa farnir. Víða er efni búið að skolast í burtu og álag hefur aukist til muna vegna aukins fjölda ferðamanna hestaleiga á svæðinu og er nú svo komið að ástand vegana getur valdið slyshættu vegna þess að hraun stendur uppúr þeim víða.

Bleiksteinshálsvegur er reiðvegur sem hefur verið í framkvæmd frá því 2014-17 og liggur frá Kaldárselsvegi til Hvaleyrarvatnsvegur sunnan Hvaleyrarvatns. Þessi reiðvegur er mikil bót fyrir hestamenn á svæðinu og hafa verið settar um það bil 4 milljónir í þessa framkvæmd nú þegar sem nýtast ekki í dag. Frá Vegagerðinni hafa komið 2,5 milljónir og afgangurinn frá Hafnarfjarðarbæ. Framkvæmdin hefur tekið langan tíma þar sem að svo litlu fé hefur verið veitt í það í hverjum áfanga sem er óhagkvæmt þar sem að vinnuvélar nýtast illa og þeir peningar sem í verkið hafa farið nýtast ekki þar sem að hestamenn geta ekki notað reiðveginn. Hestamenn nota í staðinn veginn meðfram Hvaleyrarvatni sem er mjög hættulegur. Það þarf ekki að spyrja sig hvað gerist ef að hestur og bill lenda saman á þessum vegi.

Stjórn Sörla leggur til að nú í ár verði veitt 7 milljónum króna til reiðvega á félagsvæði Sörla. Mest af því fé færi í að klára veginn yfir Bleiksteinsháls, þannig að taka mætti hann í notkun fyrir veturinn, en annað færi í bráðnauðsynlegt viðhald á öðrum núverandi reiðvegum á svæðinu. Reiðveganefnd mun reyna að sækja um fjárveitingu frá Vegagerðinni eins og vanalega, en nauðsynlegt er að Hafnarfjarðarbær komi vel til móts við félagið þannig að hægt sé að klára reiðveginn á Bleiksteinshálsi, til að nýta fjárfestinguna og minnka hættu á slysum á veginum við Hvaleyrarvatn.


Óskað er eftir því að minnisblað þetta og ósk Sörla um fjárveitingu verði tekin fyrir og sett í þóknarlega meðferð á vegum Hafnarfjarðarbæjar.

Hafnarfirði 11. september 2017

f.h. stjórnar og reiðveganefndar Sörla



Thelma Víglundsdóttir form. Sörla



Þórunn Ansnes, frkv.stj. Sörla



Eggert Hjartarson form. reiðveganefndar Sörla